

## SAMÞYKKT

### fyrir Veidifélag Laxár í Hvammssveit.

1. Félagið heitir Veidifélag Laxár í Hvammssveit. Heimili þess er á jörð sitjandi formanns og varnarþing er héraðsdómur Vesturlands.
2. Félagið nær til allra jarða sem land eiga að vatnasvæði Laxár í Hvammssveit, en það eru Ásgarður, Gerði, Hólar, Laugar, Leysingjastaðir, Skerðingsstaðir, Sælingsdalur og Sælingsdaldunga. Vatnasvæðið telst vera Laxá, Sælingsdalsá, Svinadalsá, Seljadalsá og Lambadalsá, ásamt öllu vatni er í þær fellur, en þær renna allar að sama ósi.
3. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn í þrjú ár samfelld. Kjósa skal tvo varamenn og einn endurskoðanda og annan til vara til eins árs í senn.
4. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn til aðstoðar til að vinna þau verk er vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir, enda samþykki lögmaður félagsfundur þá samninga. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárráðum.
5. Markmið félagsins er að auka lax- og silungsveiði á félagssvæðinu og arð af henni.
6. Aðalfund skal halda í janúar- eða febrúarmánuði ár hvert og skal til hans boða eins og lög mæla fyrir um. Á aðalfundi skýrir stjórn frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurða fundarmenn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðarbók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, arðskrá og fundargerðir.
8. Heimilt er stjórninni að leigja út ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til lengri eða skemmri tíma, eins og lög leyfa á hverjum tíma, ef sýnt þykir að af því sé hagur fyrir félagið. Slík leiga er þó alltaf háð samþykki lögmaðrs félagsfundar.
9. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
10. Arði af leigu eða sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn eftir arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
11. Breytingar á samþykkt þessari eða arðskrá skulu gerðar eins og lög mæla fyrir um.
12. Brot á samþykkt þessari varða sektum skv. þeim lögum sem í gildi eru um lax- og silungsveiði á hverjum tíma, nú XVI. kafli laga nr. 76/1976 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 7. desember 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*